

## Ekki tekið tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti

Yfirlýsing þessi er gerð í samræmi við b-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 um upplýsingagiöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“). Umrætt ákvæði krefur aðila á fjármálamarkaði um að upplýsa viðskiptavini sína um afstöðu þeirra til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti.

Acro verðbréf hf. (hér eftir nefnt „Acro“ eða „félagið“) tekur ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana sinna á sjálfbærni að svo stöddu. Félagið telur sig ekki geta framkvæmt hæfilegt mat á neikvæðum áhrifum fjárfestinga sinna á sjálfbærniþætti á meðan ófjárhagslegar upplýsingar frá félögum eru enn af skornum skammti, auk þess sem þær upplýsingar sem eru fyrir hendi eru ekki samræmdar og gæði þeirra oft á tíðum ófullnægjandi. Acro er lítið félag með fá starfsgildi og hefur, eins og sakir standa, ekki bolmagn til þess að leggja sjálfstætt mat á neikvæð áhrif fjárfestinga á sjálfbærniþætti með viðhlítandi hætti. Acro hyggst taka tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti þegar það verður viðráðanlegt og raunhæft fyrir félagið, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfseminnar, og afstaða Acro hvað þetta snertir verður reglulega endurskoðuð.

3. október 2023